

Guðný Zoëga

# Fornleifarannsókn í Norðfirði



*Kofatóft í landi Skorrastaðar*



Guðný Zoega  
Byggðasafn Skagfirðinga  
Rannsóknaskýrslur  
2013/138



## Efnisyfirlit

|                                            |    |
|--------------------------------------------|----|
| <b>Inngangur</b> .....                     | 2  |
| <b>Fornleifarannsókn 2013</b> .....        | 3  |
| Aðferðarfræði.....                         | 3  |
| Gjóskulög.....                             | 3  |
| <b>Tóft í landi Skorrastaðar</b> .....     | 4  |
| Lýsing jarðlaga.....                       | 4  |
| Lýsing jarðlaga í skurði – norðursnið..... | 4  |
| <b>Tóft í landi Kirkjubóls</b> .....       | 6  |
| Lýsing jarðlaga í skurðum.....             | 7  |
| Skurður 1 – norðursnið.....                | 7  |
| Skurður 2.....                             | 8  |
| Skurður 3.....                             | 9  |
| Skurður 4.....                             | 9  |
| <b>Niðurstöður</b> .....                   | 11 |
| <b>Heimildaskrá</b> .....                  | 13 |

## Inngangur

Dagana 10.-12. júlí 2013 gerði Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fornleifarannsókn á tveimur tóftum í Norðfirði. Rannsóknin var unnin fyrir Vegagerðina, að kröfu Minjastofnunar Íslands, vegna vegagerðar í tengslum við gerð Norðfjarðargangna. Annars vegar var um að ræða kofatóft í landi Skorrastaðar, sunnan Norðfjarðarár og útihúsatóft í landi Kirkjubóls norðan ár. Báðar tóftirnar höfðu verið skráðar þegar fornleifaskráning fór fram í tengslum við umhverfismat vegna framkvæmdanna árið 2007.<sup>1</sup>

Minjastofnun Íslands veitti leyfi til rannsókna í bréfi dagsettu 27. júní 2013 og fékk rannsóknin rannsóknarnúmerið Fvr 2013060041. Samningur var gerður við Þjóðminjasafn Íslands um forvörslu gripa sem kynnu að finnast. Safnnúmer þjóðminjasafns fyrir rannsóknina var 2013-60. Við þökkum landeigendum góðfúslegt leyfi til uppgrafterins.

Rannsóknin var unninn af fornleifafræðingunum Guðnýju Zoëga og Guðmundi St. Sigurðarsyni.

---

<sup>1</sup> Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga, 2007, bls. 9-14.

## Fornleifarannsókn 2013



Mynd 1. Könnunarskurður í tóftir í landi Kirkjubóls. Horft inn í Fannardal.

### Aðferðarfræði

Einungis voru teknir könnunarskurðir þar sem að tilgangur rannsókna var að kanna aldur og gerð minja og hvort frekari rannsókna væri þörf. Útlínur tófta og könnunarskurða voru mældar upp með nákvæmu gps tæki (Trimble ProXr). Snið í skurðum voru skráð og teiknuð. Teknar voru ljósmyndir af sniði og jarðlögum í skurði. Aldur tófta var metinn út frá gjóskulögum og voru nokkur gjóskusýni tekin til frekari greiningar. Engir gripir fundust við rannsóknina en samningur var við Þjóðminjasafn Ísland um forvörslu gripa ef einhverjir fyndust. Fyllt var upp í skurði og gengið frá þeim að rannsókn lokinni. Unnið var með uppmælingargögn frá Vegagerðinni og loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

### Gjóskulög

Gjóskulög í Norðfirði er nokkuð vel skjalfest en ítarleg gjóskulagagreining fór fram vegna fornleifarannsóknar sem gerð var á nokkrum stöðum við Norðfjarðarflóa og í Sandvík 1999.<sup>2</sup> Helstu leiðarlög á svæðinu er gjóska úr Öskjugosi frá 1875, dökk gjóska úr Veiðivatnagosi sem féll 1477 og ljós gjóska úr Örafajökulsgosi 1362. Önnur gjóskulög frá sögulegum tíma eru

<sup>2</sup>Sjá greinargerðir Magnúsar Á Sigurgeirssonar um gjósku í Norðfirði.



dökk gjóska frá 1159 og ljós gjóska frá 1158 beint undir henni. Neðst er að finna Landnámslagið svokallað sem féll 871±2 e.Kr. Gulleitt forsögulegt gjóskulag, kallað H3 er oft í torfi og einnig neðst í könnunarskurðum.

### Tóft í landi Skorrastaðar

*Lega (Isn93): A: 740753,39 N:523136,95*

*Númer í fornleifaskrá: (158171 93-5)*

Tóft lítills útihúss eða kofa lá fremst frammi á bakka um 130m suður og upp af Norðfjarðará. Tóftin mun hverfa við vegaframkvæmdir þar sem hún liggur rétt um 5m frá miðlínu vegar. Hún lá um 500m vestan við tættur Hálshúsa, beitarhúsa frá Skorrastað og kann að tengjast búfjárhaldi þar. Tóftin lá norður-suður og hafa dyr vitað til norðurs. Tóftin var um 4x6m um 50cm á hæð. Engir steinar voru sýnilegir í hleðslu.



Mynd 2. Yfirlitsteikning af tóftinni sem rannsókuð var í landi Skorrastaðar.

### Lýsing jarðlaga

Skurður var tekinn þvert í gegn um vestur langvegg tóftarinnar og inn í gólf hennar. Hann var 2,4m langur og 70cm breiður. Hann var 50cm djúpur í vesturenda en 60cm í austurenda.

### Lýsing jarðlaga í skurði – norðursnið

(Númer í hornklofum eru númer jarðlaga á teikningu 1 aftast í skýrslu)

Efst í skurði var um 10cm þykk grasrót. Undir henni í sitt hvorum enda skurðar var 30cm þykk lag af einsleitri mold [2] sem lá yfir jarðlögum í tóftinni. Í laginu voru sandlinsur, líklega eftir spýjur úr fjallinu ofan við. Ofan á tóftarveggnum innanverðum var um 13cm þykk rótað moldar og torflag [3]. Undir fokmoldinni inni í tóftinni var svo 7-20cm þykk rótað torflag [4] líklega úr þaki kofans. Það lá ofan á 8cm þykku gráleitu lagi [6], líklega gólfi. Lagið var fremur laust í sér nema alveg neðst þar sem það var þéttara og blandað náttúrulegum jarðvegi undir tóftinni. Fyrir miðju skurðar var metra þykkur og 40cm hár torfveggur [5]. Veggurinn virtist hlaðinn úr streng neðst en hnausum að ofan en í honum fannst einungis stakur steinn. Í suðursniði voru svo tveir steinar í sniði. Ekki virðist sem steinarnir hafi verið hluti vegghleðslunnar heldur frekar undirstaða undir stall eða jötu inni í tóftinni. Í veggjatorfinu voru þykkar linsur af grófri ljósri gjösku, úr öskjugosinu 1875. Undir veggnum var svo um 1cm þykk fokmoldarlag niður á Öskjugjóskuna þar sem hún lá óhreyfð undir tóftarveggnum.



Mynd 3. Horft til austurs yfir kofatóftina að lokinni rannsókn. Í baksýn má sjá framkvæmdir við nýja brú yfir Norðfjarðará. Tóftin mun hverfa undir nýjan veg.

**Túlkun:** Kofinn hefur verið reistur eftir að 1875 gjóskan féll, líklega einhverjum árum síðar. Hann hefur því verið í notkun á seinustu áratugum 19. aldar og/eða fyrri helmingi þeirrar 20. Kofinn tilheyrir vísast beitarhúsum frá Skorrastað, svokölluð Hálshúsum<sup>3</sup> sem voru í notkun allt fram undir 1960.<sup>4</sup> Hann hefur þó verið aflagður nokkru fyrir þann tíma sé mið tekið af þykkt jarðvegs sem myndast hefur ofan á tóftinni eftir að hún var fallin. Vera kann að kofinn hafi verið byggður fyrir smala sem setið hefur yfir fé þarna en hann verður þó að teljast nokkuð veglegur sem slíkur. Hann kann einnig að hafa nýst til að hýsa fé. Engir gripir fundust við rannsóknina.

<sup>3</sup> Örnefnaskrá Skorrastaðar, bls. 4

<sup>4</sup> Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III bindi, bls. 34.





Mynd 4. Horft til norður yfir tóftina sem rannsökuð var í landi Kirkjubóls. Kirkjubólshæðin í baksýn hægra megin á mynd.

## Tóft í landi Kirkjubóls


*Lega (ISN93):* A: 741545,134 N: 523364,353

*Númer í fornleifaskrá:* Kirkjuból 158160 99-4

Tóftin sem rannsökuð var liggur um 380m neðan (suðvestan) Kirkjubólshæðar í kjarrmóa fast neðan túns innan Kirkjubólsár, um 10m ofan (norðan) vegar inn Fannardal. Hún er ein þriggja fornra tófta í móanum, austust þeirra og næst nýja veginum. Tóftin er um 8x5m að utanmáli og snýr norðnorðvestur-suðsuðaustur. Norðurhluti hennar var upphækkuð þúst, líklega heytóft. Undan henni sunnanverðri lágu að því er virtist tveir eldri veggir sem mynduðu tóft um 3,5x2,5m að innanmáli og virtust dyr vera á tóftinni til suðurs. Heytóftin sneri austur-vestur en ekki voru dyr á henni. Hún hefur verið um 3x1,5m að innanmáli. Veggir eldri tóftarinnar virtust um 70cm á breidd og rétt um 40cm á hæð. Ekkert grjótt var sýnilegt og mosi og lyng var farið að vaxa í þeim. Á heytóftinni óx einungis gras.

Alls voru fjórir skurðir teknir í tóftirnar. Skurður 1 var stærstur og var hann tekinn þvert í gegn um vestur langvegg neðri tóftarinnar og inn í heytóftina. Þrír skurðir voru teknir í það sem virtust vera veggir eldri tóftar sem lá undir heytóftinni.





Mynd 6. Yfirlitsteiknin af tóftum og könnunarskurðum.

1362 lágu í náttúrulegum jarðvegi [4] upp að torfvegg [7] eldri tóftar. Tóftarveggurinn [7] var nokkuð stæðilegur, 1,2m að þykkt og um 50cm hár. Veggurinn virðist hafa verið strenghlaðinn úr rauðleitu mýrartorfi með svartri gjósku, H3 og grænleitu gjóskulinsum, líklega Landnámslaginu. Innan í heytóftinni, undir yngra torfinu [2] kom svo lag af heyi [3] sem enn var nokkuð heillegt. Það var í botni heytóftarinnar. Beint undir því lá 1875 gjóskan óhreyfð. Undir henni var nokkurra sentimetra þykk fokmold niður að 1477 gjóskunni. Um 2cm þykk fokmold lá á milli 1477 gjóskunnar og 1362 gjóskunnar neðan hennar. Undir henni var 1-3cm þykk fokmold niður að hrúni úr torfveggnum og/eða þaki [lög 5 og 6]. Heillegri hnausar voru í lagi [5] en rótaðra torf í lagi [6].

## Lýsing jarðlaga í skurðum<sup>5</sup>

### Skurður 1 – norðursnið

(Númer í hornklofum eru númer jarðlaga á teikningu 2 aftast í skýrslu)

Efst í skurði var um 10cm þykk grasrót [1]

Undir grasrót kom svo fram lagskipt torf [2]

í heytóftinni með þykkum linsum af 1875

gjóskunni. Samskonar torf var einnig að

finna utan heytóftarinnar en þar var það

dálítið rótaðra. Gjóskulögin úr Öskju frá

1875, Veiðivötnum 1477 og Örafajökli



Mynd 5. Jarðlög í austur skammsniði skurðar 1. Myndin sýnir gjóskulögin 1875, 1477 og 1362 sem liggja óhreyfð yfir eldri byggingaleifum í skurðinum. Ofan 1875 gjóskunnar má sjá torfið í heytóftinni sem lá ofan á eldri tóftunum. .

<sup>5</sup> Sýni voru tekin úr gjóskulögum og send til greiningar. Magnús Á Sigurgeirsson jarðfræðingur greindi sýnin. Hann staðfesti að um væri að ræða gjóskulögin 1362 og 1477 yfir eldri byggingunni.



Mynd 7. Norðursnið í skurði 1. Vinstra megin á mynd sést torfveggur eldri tóftarinnar og gjóskan frá 1875 liggur óhreyfð yfir veggnum og veggja- og þakhruni inni í tóftinni hægra megin á mynd.

Torfið í hruninu var með grænum gjóskulinsum (Landnámslagi). Undir torfhruninu var svo lagskipt gólf [8] með ljósum og dökkum lífrænum lögum með nokkuð grófum trefjum, líklega heyleifum. Þetta lag var um 8-10cm þykkt. Neðst í því var 2cm þykkt dökkt kámugt lífrænt lag. Undir gólfinu var rótað torflag [9] með flekkjum af ljósri, dökkri og grænleitri gjósku. Undir því var svo 15-30cm þykkt lag af torfhnausum úr rauðleitu mýrartorfi [10] með H3 og grænleitri gjósku. Lög [9 og 10] lágu bæði í 50cm djúpum niðurgreftri og lá tóftarveggurinn [7] á bakka niðurgraftarins. Í botni niðurgraftarins var þétt náttúrulegt sandlag.

#### Skurður 2 – í suðurvegg neðri tóftarinnar

Skurðurinn var tekinn þvert í gegn um það sem virtist vera suður skammveggur tóftar undir heytóftinni. Skurðurinn var tekinn norður-suður, þvert í gegn um vegginn. Hann var metra langur og um 50cm breiður. Engin ummerki torfveggjar fundust í skurðinum. Sé mið tekið af því hve torfið var glöggt í skurði 1 er



Mynd 8. Skurður nr. 2 tekinn í mögulegan vegg..



ólíklegt að þessi hluti veggja væri ójósari. Vera kann að nokkurskonar veggjalög hafi myndast ef torf hefur verið skorið þarna til að hlaða upp heytóftina. Skurðurinn var tekinn inn í þar sem hefði átt að vera gólf tóftarinnar en ekkert gólf var greinanlegt í skurðinum.

### Skurður 3 – í vesturvegg neðri tóftarinnar upp við suðurvegg heytóftar

Skurðurinn var tekinn þvert í gegn um það sem virtist vestur langveggur í eldri tóft. Hann var 1,2m langur og um 50cm breiður. Í skurðinum kom fram veggjatorf í norður langhlið og í austur skammhlið. Í suður langhlið var hinsvegar ekki hægt að sjá veggjatorf. Það er því líklegt að skurðurinn hafi komið í horn á byggingunni sem í skurði 1. Ljósmyndir voru teknar af sniðum en þau ekki teiknuð upp.



Mynd 9. Austur skammsnið í skurði 3. Lagskipt veggjatorf er greinilegt vinstra megin í sniðinu. Þarna hefur annað hvort verið horn í eldri húsunum eða að það hefur verið skorið ofan í tóftina við torfskurð fyrir heytóftina.




Mynd 10. Norðursnið skurðar 4, í mögulegan tóftarvegg fast sunnan heytóftarinnar.

### Skurður 4 – í austurvegg neðri tóftarinnar upp við suðurvegg heytóftar

Skurðurinn var tekinn í austur langhlið tóftarinnar sem lá undir heytóftinni. Hann var um 1,2m langur og um 50cm breiður. Veggjatorf kom fram í norðvestur horni skurðarins. Líklega var þar um að ræða horn í byggingunni sem kom fram í skurði 1 og skurði 3. Ekki voru ummerki um torf í veggnum sem virtist á yfirborði

liggja undan heytóftinni.

**Túlkun:** Í skurði 1 virtust koma fram þrjú byggingastig. Efst og yngst er heytóft sem er frá síðari hluta 19. aldar, eða fyrri hluta þeirrar 20. Hún hefur verið reist ofan á tóft sem að hefur verið aflögð og hrunin nokkru fyrir 1362, ef til vill 12.-13. aldar hús. Undir því komu svo fram



Mynd 11. Yfirlitsteikning af minjunum sem liggja sunnan Kirkjubólstúnsins. Númer minjanna sem liggja í námunda vegframkvæmda eru merktar með rauðum tölustöfum. Strikað er undir númer tóftarinnar sem könnunarskurðirnir voru teknir í. Einnig sést afstaða tóftanna til fornþýlisins Ásmundarstaða. Eldri tóftirnar sem voru rannsakaðar voru 2013 gætu verið samtíða byggð á Ásmundarstöum og tengjast e.t.v. búskap þar.

ummerki um enn eldri byggingu. Hún hefur verið að hluta niðurgráfin. Þegar sú bygging var aflögð virðist torfi úr veggjum hafa verið hrundið ofan í niðurgröftinn og annað hús reist þar ofan á. Gólf þess húss lá ofan á hrundu torfi elstu byggingarinnar. Gólfleg húsanna bentu til að þarna væri um að ræða útihús annað hvort skepnuhús eða hlöðu.

Sunnan heytóftarinnar voru, að því er virtist, veggir tóftar sem lágu að hluta til undir heytóftina. Rannsóknin leiddi hinsvegar í ljós að ekki var um tóft að ræða. Tóftalögun svæðisins virðist tilkomin vegna náttúrulegra mishæða í landinu og svo hefur torf líklega verið skorið þar til að hlaða upp heytóftina sem liggur ofan á eldri útihúsatóftunum. Eldri tóftirnar virðast því hafa



verið minni að umfangi en meint veggjalög kynnu að benda til á yfirborði en þær gætu hafa skemmst eitthvað ef torf hefur verið skorið til að hlaða upp heytóftina.

Árið 1999 fór fram fornleifakönnun á fornbylínu Ásmundarstöðum í landi Kirkjubóls. Ásmundarstaðir liggja vestan Kirkjubólsár rétt um 300m norðvestur af tóftinni sem rannsökuð var. Bylíð hefur verið í byggð þegar á 10.-11. öld. en hefur mögulega verið komið í eyði á 12. öld þar sem túngarðurinn virtist að hluta fallinn fyrir 1158.<sup>6</sup> Hvort Ásmundarstaðir hafi verið upphaflegt bæjarstæði Kirkjubólsbæjar eða hvort að þar hafi verið tveir samtíða bæir til forna skal ekki fullyrt. Eldri tóftin sem rannsökuð var í landi Kirkjubóls virðist hinsvegar frá svipuðum tíma og minjar á Ásmundarstöðum og gæti því tilheyrt byggð þar.<sup>7</sup>

### Niðurstöður

Tvær tóftir voru rannsakaðar í tengslum við vega- og gangnagerð í Norðfirði sumarið 2013, annarsvegar kofatóft í landi Skorrastaða sunnan Norðfjarðarár en hinsvegar útihúsatóft í landi Kirkjubóls norðan ár. Kofatóftin sunnan ár mun hverfa við vegaframkvæmdirnar en tóftin norðan ár er rétt á útmörkum skeringa við áætlaðan veg og verður, að óbreyttu, því líklega fyrir hnjaski vegna framkvæmdanna (sjá meðfylgjandi yfirlitsmynd frá Vegagerðinni).

Tóftin sunnan ár tengist líklega yfirsetu eða skepnuhaldi á Hálshúsum, beitarhúsum frá Skorrastað, á fyrri hluta 20. aldar. Aldur, gerð og útmörk tóftarinnar voru nokkuð glögg og augljóst að einungis var um eitt byggingarskeið að ræða.

Tóftin í Kirkjubólslandi, hinsvegar, var flóknari að gerð. Sá hluti hennar sem gleggstur var á yfirborði er 20. aldar upphlaðin heytóft. Undir henni voru leifar 10.-13. aldar úthúsa, skepnuhúss og/eða hlöðu. Stærð og gerð heytóftarinnar voru nokkuð augljós en stærð og gerð undirliggjandi tófta var óljósari. Þó virtist um tvö byggingarskeið að ræða, eldri niðurgrafna tóft og yngri tóft ofan á henni. Yngri tóftin hefur þó verið aflögð töluvert áður en 1362 gjóskan féll. Tóftirnar hafa legið í mýrlendi áður en svæðið var framræst vegna túngerðar á 20. öld. Heytóftir voru upphlaðnar þústir með lágum veggjum og án dyra eða þaks. Þar var heyi komið fyrir til geymslu, oft á útengjum, og voru tóftirnar hafðar hærri en umhverfið til að halda vatni frá heyjum. Það hefur því verið tilvalið að hækka upp heytóftina með því að setja hana ofan á

<sup>6</sup> Guðný Zoëga og Mjöll Snæsdóttir, 2010, bls. 63.

<sup>7</sup> Frekari lýsingu á minjum á Ásmundarstöðum er að finna í skýrslu um viðbótarskráningu fornleifa vegna umhverfismats Norðfjarðargangna frá 2008.

eldri tóftirnar sem líklega hafa myndað dálitla þúst í umhverfinu. Torf í hana hefur líklega verið skorið umhverfis tóftina og er mögulegt að ferköntuð dæld sunnan heytóftarinnar sé þannig til komin. Þó svo að heyleifar hafi einnig verið í gólfum eldri tóftanna er ólíklegra að þær hafi verið heytóftir af sama toga sökum þess hve gerðarlegir veggir þeirra hafa verið. Einnig voru ummerki um að veggir hafi fallið inn á við sem bendir til að á þak hafi verið á húsunum. Ummerki voru um að eldri tóftin hefði verið að hluta niðurgráfin en ekki hægt að fullyrða um gerð hennar að öðru leyti. Það er því líklegt að þetta séu útihús af einhverju tagi, e.t.v. hlaða/hlöður og/eða skepnuhús.

Tvær tóftir (Sjá nr. 99-5 og 99-6 á mynd 11 hér að ofan) liggja í móanum vestan tóftarinnar sem grafið var í. Ekki er hægt að fullyrða um hvort tóftirnar eru samtíða henni en þær virtust þó nokkuð fornlegar. Sé tekið mið af meðfylgjandi teikningu Vegagerðarinnar af væntanlegum vegi eru þær utan framkvæmdasvæðisins en þó það nærri að merkja þyrfti þær sérstaklega meðan á framkvæmdum stendur. Þar sem hinar tóftirnar tvær sem rannsakaðar voru koma til með að hverfa eða vera í mikilli hættu vegna framkvæmdanna ber framkvæmdaraðila, skv. 23. grein laga um menningarminjar nr. 80 frá 2012, að fá leyfi Minjastofnunar Íslands áður en þær eru fjarlægðar eða huldar. Minjastofnun ákvarðar hvort grípa þurfi til mótvægisáðgerða eða frekari rannsókna sé þörf.

## Heimildaskrá

Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga (2007). Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda við Norðfjarðarveg og Norðfjarðargöng. *Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2007/69*. Sauðárkrókur.

Guðný Zoëga (2008). Viðbót við fornleifaskráningu vegna mats á umhverfisáhrifum veg- og gangagerðar í Fjarðabyggð. *Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2008/78*. Sauðárkrókur.

Guðný Zoëga and Mjöll Snæsdóttir (2010). Fornbyggð í Norðfirði. *Múlaping* 35, bls. 58-65.

Magnús Á Sigurgeirsson (1999). *Fornleifarannsókn í Norðfirði og nágrenni. Greinagerð um gjóskulög*. Óprentað handrit.

*Sveitir og jarðir í Múlapingi III. bindi*. Ármann Halldórsson (ritstj.) Búnaðarsamband Austurlands, 1976.

*Örnefnaskrá Skorrastaðar (1931)*. Eyþór Þórðarson skráði eftir handriti Jóns Bjarnasonar. Örnefnastofnun Íslands.



# Fylgiskjöl








# Teikning 1 - kofatóft frá Skorrastað

Norðursnið í gegn um vestur vegg

10.07.2013

Teikn.: GZ, GSS



1. Grasnót



4. Rótað torf með 1875 og svartri gjósku



2. Fokmold



5. Torfveggur með 1875 gjóskunni



3. Rótað torf og mold




6. Grátt gólflag, grófara efst en þéttara neðst

## Teikning 2 - tóftir í landi Kirkjubóls

Norðursnið í gegn um vestur vegg

12.07.2013

Teikn.: GZ,GSS



- |                                                                                                                                    |                                                                                                                                                                                       |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|  1. Grasrót                                     |  6. Rótað torf með Landnámslagi                                                                    |
|  2. Torf í heytóft með 1875 gjóskunni           |  7. Torfveggur með Landnámslagi                                                                    |
|  3. Gamalt hey                                  |  8. Líklegt gólflag, lagskipt með ljósum og dökkum lífrænum lögum. Sumstaðar nokkuð grófar trefjar |
|  4. Óhreyfð fokmold                             |  9. Rótað torflag. Í því voru flekkir af ljóstri, dökkri og grænleitri gjósku.                     |
|  5. Torfhnausar í veggjahruni, með Landnámslagi |  10. Hnausar úr rauðleitu mýrartorfi með grænleitri gjósku og H3.                                  |



## Fornleifarannsókn í Norfirði 2013 - ljósmyndaskrá

| Nr. Myndar | Teg. | Dags.     | Jörð         | Lýsing                                                           | Tekin í    |
|------------|------|-----------|--------------|------------------------------------------------------------------|------------|
| IMG_0490   | TIFF | 10.7.2013 | Skorrastaður | Horft frá Hálstóftum yfir að brúarframkvæmdum við Norðfjarðará   | Norður     |
| IMG_0492   | TIFF | 10.7.2013 | Skorrastaður | Yfirlitsmynd af kofatóft sunnan Norðfjarðará                     | Norðaustur |
| IMG_0493   | TIFF | 10.7.2013 | Skorrastaður | Yfirlitsmynd af kofatóft sunnan Norðfjarðará                     | Norðaustur |
| IMG_0496   | TIFF | 10.7.2013 | Skorrastaður | Kofatóft sunnan Norðfjarðará                                     | Austur     |
| IMG_0497   | TIFF | 10.7.2013 | Skorrastaður | Kofatóft sunnan Norðfjarðará                                     | Norður     |
| IMG_0500   | TIFF | 10.7.2013 | Skorrastaður | Vesturendi norðursniðs í skurði                                  | Norður     |
| IMG_0501   | TIFF | 10.7.2013 | Skorrastaður | Vesturendi norðursniðs í skurði                                  | Norður     |
| IMG_0502   | TIFF | 10.7.2013 | Skorrastaður | Austur skammsnið í skurði áður en hann var stækkaður til austurs | Austur     |
| IMG_0505   | TIFF | 10.7.2013 | Skorrastaður | Austurendi norðursniðs í skurði                                  | Norður     |
| IMG_0506   | TIFF | 10.7.2013 | Skorrastaður | Steinar í austurenda skurðar                                     | Norður     |
| IMG_0507   | TIFF | 10.7.2013 | Skorrastaður | Yfirlitsmynd af skurði                                           | Austur     |
| IMG_0508   | TIFF | 10.7.2013 | Skorrastaður | Austurendi norðursniðs í skurði                                  | Norður     |
| IMG_0509   | TIFF | 10.7.2013 | Skorrastaður | Norðursnið í skurði                                              | Norðvestur |
| IMG_0510   | TIFF | 10.7.2013 | Skorrastaður | Austurendi norðursniðs í skurði                                  | Norður     |
| IMG_0511   | TIFF | 10.7.2013 | Skorrastaður | Austurendi norðursniðs í skurði                                  | Norður     |
| IMG_0512   | TIFF | 10.7.2013 | Skorrastaður | Skurður í kofatóft                                               | Austur     |
| IMG_0513   | TIFF | 10.7.2013 | Skorrastaður | Skurður í kofatóft                                               | Vestur     |
| IMG_0514   | TIFF | 10.7.2013 | Skorrastaður | Yfirlitsmynd af kofatóft eftir að búið var að ganga frá skurðum  | Austur     |
| IMG_0515   | TIFF | 10.7.2013 | Skorrastaður | Yfirlitsmynd af kofatóft eftir að búið var að ganga frá skurðum  | Austur     |
| IMG_0516   | TIFF | 10.7.2013 | Skorrastaður | Yfirlitsmynd af kofatóft eftir að búið var að ganga frá skurðum  | Norðvestur |
| IMG_0518   | TIFF | 10.7.2013 | Skorrastaður | Yfirlitsmynd af kofatóft og umhverfi                             | Norður     |
| IMG_0527   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból    | Yfirlitsmynd af tóft                                             | Vestur     |
| IMG_0528   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból    | Yfirlitsmynd af tóft                                             | Norðvestur |
| IMG_0529   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból    | Yfirlitsmynd af tóft                                             | Suðaustur  |
| IMG_0530   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból    | Yfirlitsmynd af tóft                                             | Suðvestur  |
| IMG_0531   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból    | Yfirlitsmynd af tóft                                             | Suður      |
| IMG_0532   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból    | Yfirlitsmynd af tóft                                             | Suður      |
| IMG_0533   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból    | Yfirlitsmynd af tóft                                             | Norður     |
| IMG_0534   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból    | Skurður 1 - austur skammsnið                                     | Austur     |
| IMG_0535   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból    | Skurður 1 - austur skammsnið                                     | Austur     |
| IMG_0536   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból    | Skurður 1 - austur skammsnið                                     | Austur     |
| IMG_0537   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból    | Skurður 1 - austur skammsnið                                     | Austur     |

## Fornleifarannsókn í Norfirði 2013 - ljósmyndaskrá

| Nr. Myndar | Teg. | Dags.     | Jörð      | Lýsing                               | Tekin í    |
|------------|------|-----------|-----------|--------------------------------------|------------|
| IMG_0538   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - norðursnið               | Norður     |
| IMG_0539   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - norðursnið               | Norður     |
| IMG_0540   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1                            | Vestur     |
| IMG_0541   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1                            | Norðaustur |
| IMG_0542   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - yfirlitsmynd             |            |
| IMG_0543   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - yfirlitsmynd             | Vestur     |
| IMG_0544   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - yfirlitsmynd             | Vestur     |
| IMG_0545   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - yfirlitsmynd             | Austur     |
| IMG_0546   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - yfirlitsmynd             | Austur     |
| IMG_0547   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - austur skammsnið         | Austur     |
| IMG_0548   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - austur skammsnið         | Austur     |
| IMG_0549   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - austur skammsnið         | Austur     |
| IMG_0550   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - austur skammsnið         | Austur     |
| IMG_0551   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - austur skammsnið         | Austur     |
| IMG_0552   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - austur skammsnið         | Austur     |
| IMG_0553   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - norðursnið               | Norðvestur |
| IMG_0554   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - norðursnið               | Norður     |
| IMG_0555   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - norðursnið               | Norður     |
| IMG_0556   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - norðursnið               | Norður     |
| IMG_0557   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - austurendi norðursniðs   | Norður     |
| IMG_0558   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - austurendi norðursniðs   | Norður     |
| IMG_0559   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - vesturendi norðursniðs   | Norður     |
| IMG_0560   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - vesturendi norðursniðs   | Norður     |
| IMG_0561   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 2- suður skammsnið           | Suður      |
| IMG_0562   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 2- suður skammsnið           | Suður      |
| IMG_0563   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 2- suðaustur horn skurðar    | Suðaustur  |
| IMG_0564   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 2- suður skammsnið           | Suður      |
| IMG_0565   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 2- - vestursnið              | Vestur     |
| IMG_0566   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 2- - yfirlitsmynd            | Suður      |
| IMG_0567   | JPEG | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - - austurendi norðursniðs | Norður     |
| IMG_0568   | TIFF | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - veggur í norðursniði     | Norður     |
| IMG_0569   | TIFF | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - vesturendi norðursniðs   | Norður     |

## Fornleifarannsókn í Norfirði 2013 - ljósmyndaskrá

| Nr. Myndar | Teg. | Dags.     | Jörð      | Lýsing                                          | Tekin í    |
|------------|------|-----------|-----------|-------------------------------------------------|------------|
| IMG_0570   | TIFF | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - dökk og ljós gjóska í suðursniði    | Suður      |
| IMG_0571   | TIFF | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - suðursnið                           | Suður      |
| IMG_0572   | TIFF | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - suðursnið                           | Suður      |
| IMG_0573   | TIFF | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - austursnið                          | Austur     |
| IMG_0574   | TIFF | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - austur skammsnið                    | Austur     |
| IMG_0575   | TIFF | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - norðursnið horft í norðvestur       | Norðvestur |
| IMG_0576   | TIFF | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - norðursnið yfirlismynd              | Norður     |
| IMG_0577   | TIFF | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - norðursnið yfirlismynd              | Norður     |
| IMG_0578   | TIFF | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - norðursnið yfirlismynd              | Norður     |
| IMG_0579   | TIFF | 11.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 1 - norðursnið yfirlismynd              | Norður     |
| IMG_0580   | TIFF | 12.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 4- norðursnið                           | Norður     |
| IMG_0581   | TIFF | 12.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 4- norðursnið                           | Norðaustur |
| IMG_0582   | TIFF | 12.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 4- norðursnið                           | Norður     |
| IMG_0583   | TIFF | 12.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 4- norðursnið                           | Norður     |
| IMG_0584   | TIFF | 12.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 4- norðursnið                           | Norður     |
| IMG_0586   | TIFF | 12.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 4- suðursnið                            | Suðursnið  |
| IMG_0587   | TIFF | 12.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 4- norðursni í norðvestur               | Norðvestur |
| IMG_0588   | TIFF | 12.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 4- norðursni í norðvestur               | Norðvestur |
| IMG_0589   | TIFF | 12.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 4- suðursnið í suðvestur                | Suðvestur  |
| IMG_0590   | TIFF | 12.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 4- suðursnið                            | Suður      |
| IMG_0591   | TIFF | 12.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 4- vestur skammsnið                     | Vestur     |
| IMG_0593   | TIFF | 12.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 4- austur skammsnið                     | Austur     |
| IMG_0594   | TIFF | 12.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 4- austur skammsnið                     | Austur     |
| IMG_0595   | TIFF | 12.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 3 - norðursnið                          | Norður     |
| IMG_0596   | TIFF | 12.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 3 - austur skammsnið                    | Austur     |
| IMG_0597   | TIFF | 12.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 3 - austur skammsnið                    | Austur     |
| IMG_0598   | TIFF | 12.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 3 - austur skammsnið                    | Austur     |
| IMG_0599   | TIFF | 12.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 3 - norðausturhorn skurðar              | Norðaustur |
| IMG_0600   | TIFF | 12.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 3 - austur skammsnið                    | Austur     |
| IMG_0601   | TIFF | 12.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 3                                       | Að ofan    |
| IMG_0602   | TIFF | 12.7.2013 | Kirkjuból | Skurður 3 - suðursnið                           | Suður      |
| IMG_0605   | TIFF | 12.7.2013 | Kirkjuból | Yfirlitsmynd af tóft eftir að skurðum var lokað | Norðvestur |



## Fornleifarannsókn í Norfirði 2013 - ljósmyndaskrá

| Nr. Myndar | Teg. | Dags.     | Jörð      | Lýsing                                                        | Tekin í   |
|------------|------|-----------|-----------|---------------------------------------------------------------|-----------|
| IMG_0606   | TIFF | 12.7.2013 | Kirkjuból | Yfirlitsmynd af tóft eftir að skurðum var lokað - í suðaustur | Suðaustur |
| IMG_0607   | TIFF | 12.7.2013 | Kirkjuból | Yfirlitsmynd af tóft eftir að skurðum var lokað - í austur    | Austur    |
| IMG_0608   | TIFF | 12.7.2013 | Kirkjuból | Yfirlitsmynd af tóft eftir að skurðum var lokað - í suðaustur | Suðaustur |
| IMG_0609   | TIFF | 12.7.2013 | Kirkjuból | Yfirlitsmynd af tóft eftir að skurðum var lokað - í austur    | Austur    |
| IMG_0610   | TIFF | 12.7.2013 | Kirkjuból | Yfirlitsmynd af tóft eftir að skurðum var lokað - í vestur    | Vestur    |
| IMG_0489   | TIFF | 10.7.2013 | Kirkjuból | Gatan inn að Hálshúsum, beitarhúsum frá Skorrastað - í vestur | Vestur    |